

Samþykkt

Afsláttur aldraðra og öryrkja

Um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts

í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. grein

Samkvæmt lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga leggja sveitarfélög á fasteignaskatt. Í sömu lögum og reglugerð nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta. Skylt er sveitarstjórnnum að setja reglur um beitingu heimildanna. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru birtar með samþykkt þessari sbr. 7.gr. reglugerðar nr. 1160/2005.

2. grein

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Forsvarsmenn menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafélaga og mannúðarfélaga geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaganna.

Leggja skal inn skriflega umsókn til hreppsskrifstofu og í henni gerð grein fyrir starfseminni. Hreppsnefnd tekur ákvörðun um styrkveitingu á grundvelli þess að um sé að ræða sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sem ekki eru rekin í ágóðaskyni.

3. grein

Tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar

Þeir íbúar sem eru 67 ára og eldri geta sótt um afslátt af fasteignaskatti þeirrar íbúðar sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum.

Þeir íbúar sem metnir eru 75% öryrkjar eða meira geta sótt um afslátt af fasteignaskatti þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum.

Leggja skal inn skriflega umsókn til hreppsskrifstofu ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn öryrkja skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat. Við ákvörðun afsláttar skal einnig tekið tillit til tekna maka. Umsóknir eru afgreiddar af sveitarstjóra á grundvelli tekjuviðmiðunar sem hreppsnefnd ákveður ár hvert.

4. grein

Bújarðir og útihús

Eigendur bújarða eða útihúsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Leggja skal inn skriflega umsókn til hreppsskrifstofu ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Hreppsnefnd metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Við mat á umsóknum er tekið tillit til þess hvort þróun fasteignamats á viðkomandi jörðum er verulega íþyngjandi fyrir umsækjanda. Einnig hvort umsækjandi er tekjulítill elli- eða örorkulfeyrisþegi.

5. grein

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef þeir hafa staðið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknum skal skilað til hreppsskrifstofu eigi síðar en 30 dögum eftir fyrsta gjalddaga ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur hússins. Hreppsnefnd metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu. Þannig megi líta á styrk eða niðurfellingu sem framlag til endurbóta.

Samþykkt þessi var gerð á fundi hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 7. febrúar 2006 og tekur þegar gildi.

Ingunn Guðmundsdóttir

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps